



Afmæli skemmtilegra en útför

● Ekki hefur fengist styrkur til að sinna aldursgreiningum á gæsavængjum ● Ekki staðið við fyrirheit um framhald vöktunarinnar sem hófst fyrir 25 árum ● Segir verkefnið tvímælalaust hafa skilað árangri

Ágúst Ingi Jónsson
aij@mbl.is

Í pósti til gæsaveiðimanna þakkar Arnór P. Sigfússon, fuglafræðingur á Verkís, fyrir samstarf í aldarfjórðung við að safna gæsa- og andavængjum til aldursgreininga á veiðinni. Hann segir að annað árið í röð hafi ekki fengist styrkur úr Veiðikortasjóði til að halda þessari vöktun áfram og því verði henni hætt.

Hann segist hafa notið aðstoðar sumra gæsaveiðimanna í öll þessi 25 ár. „Því hefði það óneitanlega verið skemmtilegra að halda uppá afmælið með góðu gæsa- og andavængjum en að standa fyrir útför verkefnisins, sem mun þó að líkindum fara fram í kyrrþey,“ skrifar Arnór.

Hann segir að svo virðist sem ekki verði staðið við fyrirheit um framhald þessa verkefnis um gæsavöktun. Þannig verði ekkert greitt fyrir þá vinnu sem fór í að safna og greina um sex þúsund vængi 2017 og ekki hafi neitt fengist til greininga árið 2018.

Var á valista um aldamót

Í samtali við Morgunblaðið segir Arnór að það sé með eftirsjá sem hann hætti þessari greiningu, en verkefnið hafi tvímælalaust skilað árangri. Mikilvægi mælinga á aldurshlutfalli í veiði hafi aukist og því sé synd að þeim skuli nú vera hætt.

„Þetta á sérstaklega við um grágæsina, þar sem veiðialagið er nokkuð mikið,“ segir Arnór. „Þegar ég byrjaði á verkefninu 1993 var grágæsastofninn á niðurléi og lenti á valista um aldamótin. Viðsnúningur varð í ungaframleiðslu upp úr aldamótum og unga- hlutfallið í veiðinni fór úr um 40% og í að meðaltali um 47% það sem af er þessari öld.“

Ungaframleiðslan stendur undir veiðinni að stórum hluta og gegnir lykhlutverki í því að stofninn standi undir veiðialaginu. Þegar hvorki verða breytingar á unghlutfallinu né veiðinni ályktar maður sem svo að þetta sé í lagi. Ef við sæjum aftur tímabil þar sem unghlutfallið færi niður mætti búast við að stofninn færi að gefa eftir og þá væri hægt að mæla með að dregið yrði úr veiði.

Fjöldi grágæsa sem taldar voru haustið 2017 var sá minnsti í langan tíma en þar sem ég veit að varþangur 2017 var góður þá eru líkur á að um skekkju sé að ræða og því ekki ástæða til að hafa áhyggjur að sinni.“



Ljósmynd/Halldór W. Stefánsson

Vöktun Arnór P. Sigfússon með grágæsina Jónas sem merkt var í Friðlandi Svarfdæla 2016.

Arnór segir að aldurshlutföll í íslenska grágæsastofninum hafi líka verið mæld á Bretlandseyjum með vöktun í túnum og ökrum undanfarna áratugi. Núna hafi breski grágæsastofninn vaxið mjög mikið, sérstaklega á Orkneyjum, og ekki sé hægt að greina á milli þessara tveggja stofna á vetrarstöðvum. Þessi staða auki vægi þess að aldursgreina vængi úr veiði á Íslandi. Í sögulegu samhengi séu gæsastofnar stórir að blesgæsastofninum undanskildum.

Í bréfinu til gæsaveiðimanna rekur Arnór sögu vöktunarinnar frá 1993. Um tíma fékk verkefnið styrk úr Veiðikortasjóði en breyting varð á úthlutunarreglum sjóðsins árið 2016 þannig að í stað þess að sækja árlega í sjóðinn skyldi samið um vöktun forgangstegunda til þriggja ára í senn.

Gæsavöktun yrði í forgangi

„Ég skildi starfsmenn umhverfisráðuneytis og Umhverfisstofnunar þannig að gæsavöktun yrði í forgangi og þess yrði óskað að ég ynni hana áfram og sendi inn áætlun til UST árið 2016. Þá var mér tjáð að áætlun yrði að leggjast fram af Náttúrufræðistofnun Íslands til að vera tekin til greina en það var ekki gert. Árið 2016 var mér því úthlutað úr sjóðnum af sérlið, rúmum þriðjungum af því sem áætlunin gerði ráð fyrir.“

Það var svo fyrir um ári að Náttúrufræðistofnun óskaði eftir áætlun til þriggja ára með fyrirheitum um 3 ára samning frá 2017 sem ég sendi til þeirra. Ekkert formlegt svar hefur borist mér enn um aðdrif hennar en mér var tjáð munnlega að hún hefði legið of lengi hjá NÍ til að vera tekin til greina fyrir 2018 og að ekkert fengist fyrir 2017. Af þessum sökum sé ég mér ekki fært að stunda þessa vöktun áfram,“ skrifar Arnór í kveðjubréfinu, sem m.a. var birt á Facebook-síðu skotveiðimanna, Skotveiðisþjallinu.

Samningagerð undarleg

Hann segir að kerfið við gerð samninga um einstök verkefni sé mjög undarlegt. Náttúrufræðistofnun virðist hafa það í hendi sér hverjir fái samning við Veiðikortasjóð þar sem áætlun sé ekki tekin til greina nema Náttúrufræðistofnun leggi hana fram. Hann hafi hins vegar ákveðið að nú sé nóg komið og ætli ekki að láta hafa sig út í að safna vængjum og greina með fyrirheitum um samning sem svo standast ekki.